

Nokkrir punktar vegna framkvæmdar sýnatöunnar

Fyrsta skref er að svara tölvupóstinum með niðurstöðum er varða úthlutun á fjölda greininga o.fl. Þegar samþykki bóndans liggur fyrir er hægt að fara að undirbúa útsendingu á sýnatökuefni eða skipuleggja sýnatöku.

Þeir sem hyggjast **nýta sér þjónustu RML** við sýnatöku, þurfa ekki að hafa áhyggjur af búnaðinum (kaupa tangir eða ná í hylki á starfsstöðvar). Starfsmaður RML mun hafa samband þegar búið er að skipuleggja sýnatöku á svæðinu.

Ef bóndi hyggst framkvæma **sýnatökuna sjálfur** verður búnaðurinn tekinn til og hafður til afgreiðslu á **starfsstöðvum RML**. Þegar búnaðurinn er tilbúinn til afgreiðslu fær bóndinn strax tilkynningu í tölvupósti um það hvar og hvenær megi nálgast hann.

Um leið og sýnatöku er lokið er best að **koma sýnunum sem fyrst** aftur til baka á viðkomandi starfsstöð RML. Þannig að sýnin komist með fyrstu ferð í greiningu.

Að tvískipta sýnatökunni

Þeir sem ætla að taka nokkurn fjölda af sýnum, er ráðlagt að tvískipta sýnatökunni. Þegar ákveðið hefur verið úr hvaða fé skal taka er ráðlagt

- í fyrri umferðinni að taka hrútana, a.m.k. alla eldri hrúta og eldri hluta ána sem á að greina.
- Í seinni umferð er þá t.d. hægt að sleppa því að taka gripi sem eiga foreldra sem báðir eru hlutlausir (samkvæmt greiningu á þessum 6 sætum), þar sem þá er 100% öruggt að afkvæmið er einnig hlutlaust.

Þar sem sýnatökuhylkin eru enn ekki öll komin til landsins gæti þurft að afgreiða stærri pantanir í tvennu lagi. Í þeim tilfellum ættu bændur að geta sótt seinni skammtinn af hylkjum þegar þeir skila fyrri hlutanum inn.

Ef menn hafa hug á því að panta fleiri greiningar í vetur verður það mögulegt (2.350 kr. pr. sýni án. vsk.).

Val gripa – forgangsröðun í sýnatökuhópinn

1. **Hrútar** - allir ættu að hafa hrútana í mestum forgangi. Hins vegar, þar sem búið er að greina hrútana með tveggja sæta greiningu (bara áhættusætið 136 og lítið næma sætið 154, sem eru þau sæti sem lang algengast er að finna einhvern breytileika í) þá þarf að met það hvort skynsamlegt sé að greina þá aftur. Ef um lambhrúta er að ræða þá mætti bíða með að greina þá, taka frekar mæður þeirra og skylda gripa. Að finna hina fágætu arfgerð ARR eða T137 er líklegra í grip sem er hlutlaus en grip sem hefur einhver frávik frá hlutlausu arfgerðinni (AH/AH eða AHQ/AHQ).
2. **Valdar ær** sem gætu endurspeglad ákveðnar línur innan hjarðarinnar og ær sem mikið hefur verið ræktað útfrá, t.d. hrútsmæður.
3. Ef sýnataka er umfangsmeiri en svo að hún nái til hrúta og valinna áa væri næsta skref að taka fyrir ákveðna árganga og byrja þá á **yngstu árgöngunum**.

Að taka sýnið

Um er að ræða vefjasýni úr eyra. Hylkið, sem sýnið fer í, er fest í neðri hluta tangarinnar. Á pinnann, sem fer í gegnum eyrað, er festur svartur tappi (sýnatöku broddur) sem tekur vefjasýnið og endar ofan í hylkinu.

Ath: Passa þarf að gripurinn standi **kyrr** á meðan sýnið er tekið. **Pressa** þarf töngina vel saman, þannig að sýnið fari örugglega ofaní hylkið.



Á myndinni vinstra megin er búið að festa hylkið í töngina. Á neðri myndinni er töngin síðan tilbúin til sýnatökunnar, og litli svarti broddurinn er orðinn fastur á pinnanum sem gengur í gegnum eyrað



Einnig má skoða myndband: www.tinyurl.com/synataka-med-strikamerki

Merking sýnanna

Skrifa þarf á merkið sjálft með vatnsheldum túss eða kúlupenna, númer grips og bæjarnúmer (samkvæmt markaskrá).

Fullorðinsnúmerið sé skrifað á forminu XX-XXX (eins og í Fjárvísi).

(ef um lambsnúmer er að ræða þarf að setja L fyrir framan lambsnúmerið)



Á annarri hlið hylkjanna er forprentað númer og strikamerki – ekki yfirskrifa þetta. Á hinni hliðinni er pláss til að skrifa á hylkið númer grips og bæjarnúmer.

Með hylkjunum fylgir blað sem þarf að útfylla og fylgja með til baka.

Geymsla sýna

Ekki er nauðsynlegt að geyma sýnin í kæli að lokinni sýnatöku og geymast þau a.m.k. í nokkra mánuði. Hitinn má hins vegar ekki fara yfir 40 stig (t.d. nálægt ofni eða miðstöð) og best er að forðast beint sólarljós.

Að skila inn sýnum

Sýnin fara til Þýskalands og verða send í nokkrum skömmtum út en gert er ráð fyrir að búið sé að taka sýnin fyrir 1. maí.

Gert er ráð fyrir að fyrsta sending sýna í greiningu verði um miðjan febrúar og þarf að skila þeim sýnum inn í síðasta lagi 11. febrúar. Sýnin fara til Þýskalands og verða send í nokkrum skömmtum út en gert er ráð fyrir að búið sé að taka sýnin fyrir 1. maí. Menn eru sérstaklega hvattir að nýta sér fyrstu ferðina þótt stutt sé í hana, sérstaklega þeir sem ætla að taka sýni í tveimur umferðum.

Tangir – sóttþreinsun

Þeir sem ætla að taka sýnin sjálfir verða annað hvort að kaupa töng eða fá hana að láni hjá öðrum bændum.

Ef bændur sameinast um not á sömu töngum þarf að þrifa þær vel á milli hjarða. Á „riðusvæðum“ er **nauðsynlegt** að setja tangirnar í klórlausn áður en þær eru lánaðar milli bæja (5 hlutir kalt vatn, 1 hluti klór 15 % - a.m.k. í 1 klukkutíma – skola vel með hreinu vatni eftir það). Ekki nota spritt! Ávallt skal þrifa þær vel og vandlega með sóttþreinsandi efni s.s. virkon eða sóttþreinsandi sápu.

Niðurstöður

Greining sýnanna gæti tekið 15 virka daga eftir að þau berast greiningaraðilanum. Niðurstöður verða sendar í tölvupósti sem excelskrá. Síðan er í undirbúningi þróun á Fjávísi. Um leið og þeirri þróun er lokið verða gögnin gerð aðgengileg þar.